

RSÍ & GRAFÍA

samningur milli aðila vegna aðildar GRAFÍU stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum að RSÍ Rafiðnaðarsambandi Íslands

1. GRAFÍA verður eitt af 9 aðildarfélögum RSÍ með réttindum og skyldum í samræmi við lög RSÍ. Félagið á einn fulltrúa í miðstjórn RSÍ og að lágmarki einum fulltrúa í sambandsstjórn RSÍ. Aðildarfélögum er tryggður einn fulltrúi hverju, en síðan er leitast við að skipta öðrum sætum sem jafnast á milli aðildarfélaga miðað við stærð. Auk þess eiga félögin fulltrúa í samræmi við fjölda félagsmanna á þingum sambandsins. Verðmæti vörumerkis RSÍ verður nýtt á sama tíma og víðari skírskotun þess verður þróuð svo það nái betur utan um starfssvið félagsmanna aðildarfélaga í víðu samhengi, tækniólk, símamenn, kvikmyndagerðarfólk og félagsmenn í Grafíu.
2. Starfsmenn GRAFÍU verði starfsmenn RSÍ, annar þeirra getur verið formaður Grafíu, en báðir verði valdir af eða samþykktir af stjórn GRAFÍU. Ákvæðið gildir á þeim tíma sem sólarlagsákvæðið er í gildi skv. grein 13.
3. Sjúkrasjóðir GRAFÍU og RSÍ renna saman og eftir það gilda réttindi í RSÍ sjóðnum fyrir alla félagsmenn. Gerð hefur verið tryggingafræðileg úttekt á sjóðunum og standast báðir sjóðir kröfur um sameiningu. Sjá töflu yfir styrkveitingar beggja sjóða að neðan.

	GRAFÍA	Sjúkrasjóður allra eftir aðild Grafíu að RSÍ
Sjúkradagpeningar	80% af launum í 6 mánuði, sl. 6 mánuði viðbótarréttur 2 mánuðir.	80% af launum í 6 mánuði, sl. 5 mánuði fyrir veikindi viðbótarréttur háð mati framkvæmdastjórnar
Veikindi barna	80% af meðallaunum s.l. 6 mánuði greiðist í allt að 30 daga á hverjum 12 mánuðum, og í allt að 90 daga vegna langveikra barna	80% af launum í 6 mánuði, sl. 5 mánuði fyrir veikindi viðbótarréttur háð mati framkvæmdastjórnar
Veikindi maka	80% af meðallaunum s.l. 6 mánuði greiðist í allt að 90 daga á hverjum 12 mánuðum vegna mjög alvarlegra veikinda maka	80% af launum í 6 mánuði, sl. 5 mánuði fyrir veikindi viðbótarréttur háð mati framkvæmdastjórnar
Heilsuræktarstyrkur	50% af kostnaði hámark kr. 18.000 pr. ár	50% af kostnaði hámark kr. 30.000 pr. ár
Gleraugnastyrkur	50% af kostnaði hámark kr. 40.000 pr. 3 ár	50% af kostnaði hámark kr. 40.000 pr. 3 ár
Sjúkraþjálfun/kírópraktor	50% af kostnaði hjámarki kr. 30.000 pr. ár	Styrkur 2.000 kr. pr. skipti allt að 25 skipti á almanaksári.
Hjartavernd-áhættumat	50% af kostnaði ein skoðun á ári.	Greitt fyrir skoðun allt að kr. 10.000
Sálfræðimeðferð	50% af kostnaði hámark kr. 30.000 pr. ár	40% af kostnaði pr. tíma hámark 25 skipti á almanaksári.
Krabbameinsleit	Kembileit hjá Krabbameinsfélagi Íslands styrkt að fullu	Greitt er fyrir skoðun allt að kr. 10.000.
Göngugreining	50% af kostnaði að hámarki kr. 15.000	Ekki fyrir hendi
Fæðingastyrkur	Ekki fyrir hendi	Kr. 100.000 eftir skatt ef um 75% eða meira fæðingarorlof í mánuð.
Kostnaðarsöm heilbrigðisþjónusta/læknisaðgerðir	40% af kostnaði ef kostnaður er kr. 85.000 eða hærri að hámarki kr. 80.000 á þriggja ára fresti	40% af kostnaði ef kostnaður er kr. 100.000 eða hærri að hámarki kr. 100.000 á þriggja ára fresti

RSÍ & GRAFÍA

samningur milli aðila vegna aðildar GRAFÍU stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum að RSÍ Rafiðnaðarsambandi Íslands

	GRAFÍA	Sjúkrasjóður allra eftir aðild Grafíu að RSÍ
Ferðastyrkur vegna veikinda	Sambærilegur réttur og hjá RSÍ	Sambærilegur réttur og hjá GRAFÍU
Dánarbætur		
Virkir félagsmenn	kr. 380.400	kr. 590.000 til 75 ára aldurs,
Félagsmenn komnir af vinnumarkaði/ maki eða barn yngri en 18 ára eftirlifandi	kr. 190.200	kr. 442.500 eftir 75 ára aldur
Félagsmenn komnir af vinnumarkaði án maka eða barna yngri en 18 ára	kr. 126.800	kr. 331.875 eftir 80 ára aldur
Bætur vegna barna	Ekki fyrir hendi	Ef barn undir 18 ára kr. 1.062.000 bætur, kr. 531.000 með hverju barni eftir það.

- Félagsgjöld allra félaga GRAFÍU verða 1% af öllum launum í stað krónutölu og tveggja prósentu hjá hlutastarfsfólki sem nú er.
- Fræðslu- og menningarsjóður verður rekinn áfram fyrir félagi í GRAFÍU. Réttindi félagsmanna haldast óbreytt og eru á forræði sjóðsstjórnar. Sjóðurinn er eign Grafíu. RSÍ þjónustar sjóðinn og fær þóknun skv. samningi til að standa undir kostnaði við rekstur.
- Styrktarsjóður sameinast sjóðum RSÍ og verða réttindi félagsmanna GRAFÍU sömu og félaga í RSÍ hvað verkfallssjóð varðar.
- Prent- og miðlunarsvið IÐUNNAR sem GRAFÍA rekur í samstarfi við Samtök iðnaðarins verður rekið með sama formi og áður. Jafnframt rekur RSÍ Rafmennt í samstarfi við Samtök iðnaðarins með sama formi og áður. Yfirlýstur vilji er til samstarfs á milli stofnana eins og möguleiki er til. Félagsmenn geta sótt námskeið í báðum stofnunum í samræmi við samstarfssamning IÐUNNAR og Rafiðnaðarskólans frá 30. nóvember 2012 milli aðila.
- Orlofsmál – rekinn verður einn sameiginlegur orlofssjóður og orlofskostir félaganna standa öllum félagsmönnum til boða. Punktastaða í orlofskerfi félaganna verður jöfnuð þannig að félagsmenn með sama starfsaldur hafa áunnið sama punktafjölda. Ekki er mögulegt að samræma frádrátt vegna tóku orlofshúsa í kerfunum frá fyrri tíð en sambærilegur frádráttur hefur verið hjá RSÍ og GRAFÍU þar sem bæði tóku upp punktakerfi. Félagsmenn ávinna sér 12 punkta á ári gegn greiðslu í orlofssjóð.
- Orlofslandið í Miðdal verður skráð eign GRAFÍU, en réttindi allra félagsmanna innan RSÍ verða þau sömu til að nýta orlofslandið, heimild til að kaupa sumarhús með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja, auk þess að geta sótt um lóð í Miðdal til byggingar orlofshúss. Aðrar orlofseignir GRAFÍU renna inn í orlofssjóð RSÍ og teljast eignir hans.
- Kjarasamningar GRAFÍU við SA og GRAFÍU við FA/SÍA verða áfram á forræði Grafíu og kjaramálin unnin í samvinnu á vettvangi sambandsins.

2
GB

RSÍ & GRAFÍA

samningur milli aðila vegna aðildar GRAFÍU stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum að RSÍ Rafiðnaðarsambandi Íslands

11. Þróun GRAFÍU til framtíðar innan RSÍ.

Starfsvið GRAFÍU og Félags tæknifólks í rafiðnaði (FTR) skarast að hluta til vegna starfa innan miðlunargreina. Félögin munu starfa saman að því að sækja félagsmenn á þessu sviði og hafa skilgreint með eftirfarandi texta starfsvið á þessu sviði. Þar sem störf skarast geta félagsmenn valið hvoru félagi þeir tilheyra.

FTR - tæknistörf í skapandi greinum, ljósvakamiðlum, viðburðþjónustu, upplýsingatækni og fjarskiptum, störf tengd miðlun og vinnslu hljóð- og myndbandsefnis á vefsvæðum og netmiðlum.

GRAFÍA - fullgildir sveinar í bókbandi, grafískri miðlun/prentsmið og prentun, starfsfólk í upplýsingatækni, gagnagrunnvinnslu og margmiðlun, tæknistörf tengd vinnslu og miðlun myndefnis og texta á vefsvæðum og netmiðlum, svo og óiðnlært starfsfólk í greinunum.

12. Fjármál félagsins.

Félagssjóður GRAFÍU verður á forræði félagsins en frá 1. október 2019 rennur 65% af félagsgjaldinu til RSÍ til að standa undir rekstri. GRAFÍA tekur þannig þátt í sameiginlegum rekstrarkostnaði RSÍ, svokölluð kostnaðarvog, líkt og önnur aðildarfélög og sjóðir innan RSÍ. Sjúkrasjóður GRAFÍU sameinast sjúkrasjóði RSÍ sem er sameiginlegur sjóður allra félagsmanna innan RSÍ. Orlofssjóður sameinast orlofssjóði RSÍ sem stendur fyrir rekstri orlofseigna sem eru sameign aðildarfélaga RSÍ. Fræðslu- og menningarsjóður er eign GRAFÍU og árleg iðgjöld til hans eru til ráðstöfunar sjóðsins ásamt höfuðstól. RSÍ fær þóknun skv. samningi til að standa undir kostnaði við rekstur, sem nú er 30% af tekjum sjóðsins.

13. Sólarlagsákvæði vegna aðildar GRAFÍU að RSÍ.

Á tímabilinu frá 1. janúar 2023 og þar til mánuður er í Sambandsþing RSÍ árið 2023 fer fram allsherjaratkvæðagreiðsla um áframhaldandi aðild Grafíu að RSÍ og þarf 2/3 hluta félagsmanna Grafíu til að hafna áframhaldandi aðild að RSÍ. Verði niðurstaða allsherjaratkvæðagreiðslu sú að halda aðildinni áfram heldur hún áfram og þá samkvæmt lögum RSÍ. Jörðin Miðdalur í Laugardal færist þá frá GRAFÍU yfir á orlofssjóð RSÍ. Orlofssjóður RSÍ annast rekstur orlofslandsins í Miðdal. Á meðan sólarlagsákvæðið er í gildi þarf að leita samþykkis orlofsnefndar GRAFÍU fyrir öllum meiriháttar aðgerðum því tengdu. Verði niðurstaðan hins vegar sú að rjúfa aðildina heldur starfsemi GRAFÍU áfram utan RSÍ og sjóðir félagsins flytjast aftur til GRAFÍU með þetta í huga:

- a) Vinnudeilusjóður og Sjúkrasjóður flytjast yfir á grunni réttindastöðu félagsmanna við útgöngu.
- b) Sömu orlofseignir GRAFÍU og upphaflega fóru inn í orlofssjóð RSÍ flytjast yfir. Auk þess skal meta eftirfarandi þætti:
 - a. Hafi orlofssjóður RSÍ fjárfest í nýjum orlofseignum eftir að GRAFÍA gekk til liðs við RSÍ, skal ákvarða hvoru megin sú eign lendir, og hvort það félag sem heldur eigninni eftir útgöngu greiði hinu fyrir hlut þess í því.
 - b. Hafi orlofssjóður fjárfest í viðhaldi orlofseigna GRAFÍU, umfram það sem talist getur eðlilegt reglubundið viðhald, skal orlofssjóður GRAFÍU greiða þann kostnað til baka við útgöngu.

Í aðdraganda sambandsþings RSÍ 2023 geta aðildarfélög RSÍ óskað eftir umræðu um áframhaldandi veru GRAFÍU innan RSÍ. Skal þá miðstjórn RSÍ taka málið til úrlausnar og getur ákveðið að vísa beiðni um úrsögn GRAFÍU til þings RSÍ 2023 með minnst eins mánaðar fyrirvara. Gildir þá sólarlagsákvæði með sama hætti og ef GRAFÍA ákveður að ganga úr RSÍ.

Eftir að útganga tekur gildi skulu aðilar hafa gengið frá flutningi sjóða innan sex mánaða.

Gangi GRAFÍA úr RSÍ árið 2023 mun slíkt ekki hafa áhrif á stöðu þeirra félagsmanna RSÍ sem mögulega hafa keypt aðild að einkabústaðakerfi GRAFÍU. Slíkt réttindi haldast áfram í samræmi við þá stöðu sem uppi var.


RSÍ & GRAFÍA

samningur milli aðila vegna aðildar GRAFÍU stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum að RSÍ Rafiðnaðarsambandi Íslands

Uppgjör sjóða við útgöngu skal ákvarðað af endurskoðendum félaganna. Verði ágreiningur um uppgjör sjóða skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu til starfa, og er ákvörðun þeirra bindandi.

14. Samningur þessi er afgreiddur í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna GRAFÍU á tímabilinu 1. - 11. apríl 2019 og er niðurstaða bindandi. 2/3 hluti þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni þurfa að samþykka samninginn. Hjá RSÍ verður samningurinn afgreiddur á þingi sambandsins sem haldið er í byrjun maí 2019 þar sem meirihluti sambandsfulltrúa þarf að samþykka samninginn. Verði aðild samþykkt mun miðað við að aðild GRAFÍU að RSÍ verði skv. ofangreindu þann 1. október 2019.

Reykjavík, 17. apríl 2019.



F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands



F.h. GRAFÍU stéttarfélags